

# Fundur í náttúruverndarnefnd Þingeyinga 16. ágúst 2016

## Fundargerð nr. 1-2016

Símafundur - mættir: Gréta Bergrún Jóhannesdóttir (ritari) og Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir (varamaður).

### Fundur hófst kl. 10:30

#### 1. Ósk um umsögn: erindi frá Þingeyjarsveit vegna deiliskipulags fyrirhugaðrar Hólsvirkjunar.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar óskaði þann 28.6.2016 eftir umsögn náttúruverndarnefndar Þingeyinga vegna fyrirhugaðar breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2012 og nýs deiliskipulags fyrirhugaðrar Hólsvirkjunar í Fnjóskadal. Formaður nefndarinnar, Þorkell Lindberg, og hans varamaður, Sigþrúður Stella, lýstu sig vanhæf til að fjalla um málið þar sem þau hafa unnið fyrir framkvæmdaraðila að rannsóknnum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar. Tóku þau því ekki þátt í fundinum. Ásvaldur Ævar taldi sig heldur ekki í aðstöðu til að fjalla um málið á vettvangi náttúruverndarnefndarinnar vegna setu sinnar í skipulags- og byggingarnefnd Þingeyjarsveitar og tók varamaður hans, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, því hans sæti við afgreiðslu þessa máls.

Fyrirhuguð virkjun er í Þingeyjarsveit og mun senda rafmagn inn á dreifikerfi í Eyjafirði. Virkjunin er 5,2 MW vatnsaflsvirkjun sem fyrirtækið Artic Hydro ehf hyggst reisa í landi Ytra-Hóls, Syðra-Hóls og Garðs í Fnjóskadal. Áætlað er að virkja Hólsá og Gönguskarðsá ofan Garðsfells og leiða vatn í þrýstipípu að stöðvarhúsi við Fnjóská. Samhliða gerð deiliskipulags þarf að breyta Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 til samræmis við fyrirhugaða deiliskipulagsgerð þannig að nýtt iðnaðarsvæði verður skilgreint á virkjanasvæðinu. Nefndin fjallaði um málið og samdi umsögn sem send verður til sveitarfélagsins Þingeyjarsveitar.

**Fleira ekki rætt, fundargerð lesin og samþykkt.**

**Fundi slitið 11:45**